

LESTRARSTEFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Lestur er lífsins leikur

Upplýsingar fyrir
starfsmenn



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

INNGANGUR

Um lestrarkennslu

Undirbúningur lestrarnáms

Allt frá fæðingu eru börn að læra, þau eru þá þegar farin að búa sig undir lestrarnám. Þau byggja upp þekkingu sína gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn. Þegar lestur er á forsendum barnsins og hann vekur forvitni þess og áhuga er lagður mikilvægur grunnur að málþroska þess og undirbýr það fyrir lestrarnám seinna meir.

Í bernsku mótast viðhorf barna til lestrar. Sá grunnur er lagður á heimilum og í leikskólum. Því jákvæðari og auðugri sem sú reynsla er, þeim mun frekar mótast hún þekkingu og nám sem þau tileinka sér á þessum árum, en er jafnframt mikilvægur grunnur að námshæfni þeirra. Börn sem alast upp við jákvætt viðhorf til lesturs og ríkt málumhverfi á leikskólaaldri eru oft komin vel á veg með lestur vegna hvetjandi aðstæðna heima og í leikskóla án þess að formleg lestrarkennsla hafi átt sér stað.

Lestrarkennsluaðferðir

Í upphafi skólagöngu er kennt eftir aðferðum byrjendalæsis. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengdir inn í ferlið. Þegar lengra er komið bætast fleiri kennsluaðferðir við, svo sem skiptilestur, paralestur, PALS, gagnvirkur lestur, upplestur, yndislestur o.fl. Á miðstigi og unglingastigi er kennd hraðlestrartækni og mikil áhersla lögð á góðan upplestur, framsögn og lesskilning.

Lestrarþjálfun í skóla

Fyrstu árin felst lestrarþjálfun í grunnskólanum fyrst og fremst í því að nemendur lesi upphátt fyrir kennarann, sem skráir lesturinn og kvittar fyrir. Reynt er eftir fremsta megni að láta alla nemendur í 1.-3. bekk lesa daglega í skólanum. Á þessu stigi velur kennarinn lestrarbækurnar af kostgæfni. Þegar fram í sækir verður þjálfunin fjölbreyttari, nemandinn velur sér þá lesefnið oftast sjálfur og les í hljóði eða upphátt fyrir bekkjarsystkini sín, ýmist eitt og eitt, lítinn hóp eða allan bekkinn, tekur þátt í kórlestri o.s.frv. Á miðstigi þurfa nemendur í vaxandi mæli að lesa ýmiss konar námsefni, t.d. í samfélagsfræði, náttúrufræði og fleiri greinum.

Fylgst er náið með framvindu lestrarnámsins og strax gripið inn í ferlið ef grunur leikur á að um lestrarerfiðleika sé að ræða. Nemendur fá þá aukna þjálfun í þeim þáttum sem á þarf að halda. Í öllum bekkjum er hljóðlestur á hverjum degi í 10-15 mínútur eða lengur. Í skólanum er lögð áhersla á að gera lestur sem sýnilegastan og verkefni sem tengd eru læsi þrýða veggi skólans til að beina sjónum nemenda að læsi. Þá er lögð áhersla á yndislestur í öllum bekkjum skólans og kennarar hvattir til að lesa fyrir nemendur.

Lestrarþjálfun heima

Heimilin gegna lykilhlutverki í lestrarþjálfun barnanna. Áhugi foreldra, aðstoð og hvatning eru mjög mikilvæg og geta skipt sköpum um árangur barns í lestrarnámi.

Í byrjun lestrarnámsins þarf að gera ráð fyrir 15-30 mínútna lestrarstund heima á hverjum degi. Leggja verður áherslu á að þetta sé notaleg og ánægjuleg samlestrar- og samræðustund barns og foreldra.

Þegar barnið hefur náð tókum á lestrartækninni er samt sem áður mikilvægt að haldið sé áfram að ræða lesefni heima fyrir og lesa fyrir barnið. Þannig má stuðla að bættri lestrarfærni og málnotkun. Góður aðgangur að lesefni örvar áhuga barna á lestri og það hefur jákvæð áhrif á málþroska barna að lesa daglega fyrir þau og ræða inntak þess sem lesið er.

Ef lestrarnámið gengur hægt er hætta á því að lesefnið verði of einhæft og höfði ekki nægilega vel til barnanna. Því er mikilvægt að foreldrar lesi fyrir börnin bækur sem höfða til aldurs og þroska. Ef foreldrar eru ósáttir við lesefni barns síns og telja það af einhverjum ástæðum ekki henta barninu, er um að gera að hafa samband við kennara og ræða málið.

Lestur góðra bóka er besta leiðin til að efla orðaforða barna og búa þau undir áframhaldandi skólagöngu, en góður orðaforði er ein meginforsenda fyrir góðum lesskilningi. Börn sem eru lengi að ná tókum á lestri missa af þessu tækifæri til að efla orðaforða sinn ef ekki er lesið fyrir þau.

Heimalestur – nokkrar góðar ábendingar

Víða má finna góð ráð og ábendingar um það hvernig foreldrar og annað heimilisfólk getur örvað lestraráhuga barna og aðstoðað þau við lestrarnámið.

Þar má t.d. benda á vef Heimilis og skóla, Lesvefinn og vefinn BarnUng, þaðan sem neðangreindar ábendingar eru ættaðar:

- Börn læra það sem fyrir þeim er haft. Ef þau sjá foreldra sína taka bók fram yfir tölvu eða sjónvarp aukast líkurnar á því að þau kjósi sjálf að lesa.
- Ræddu um bókmenntir við barnið þitt, um bókina sem það er að lesa og upplifun þína af því sem þú lest.
- Farið saman á bókasafnið og skoðið bæði barna- og fullorðinsbækur. Sýndu barnabókunum áhuga og finndu bækur sem þú hefðir áhuga á að lesa.
- Lestu bækur sem barnið þitt er að lesa, þannig að þið getið rætt saman um þær. Með því að lesa barna- og unglingabækur getur þú líka mælt með bókum við barnið þitt. Góð bók stendur alltaf fyrir sínu, hvort sem hún heitir barna- eða fullorðinsbók.
- Lestu fyrir barnið ef bókin byrjar hægt og því gengur illa að komast inn í atburðarásina. Einnig getið þið skipst á að lesa ef barninu sækist lesturinn hægt. Enginn er of gamall til að láta lesa fyrir sig! Hljóðbækur og útvarpssögur æfa okkur einnig í að hlusta og þjálfva einbeitingu.
- Gerðu lesturinn að notalegri stund. Það er allt eins hægt að kúra með snarl og drykk yfir góðri bók eins og bíómynd (Þuríður J. Jóhannsdóttir og Torfi Hjartarson).

Framsögn

Strax og nemandinn hefur náð tökum á umskráningu þarf að leggja áherslu á framsögn og nota öll tækifæri sem gefast til að æfa upplestur. Best er að börn venjist því sem fyrst að lesa upphátt fyrir bekkinn, svo að þeim veitist það síður erfitt þegar þau eldast. Þó þarf að taka fullt tillit til þeirra barna sem eru feimin og óframfærin og eiga erfitt með að lesa upp. Þá getur verið hjálp í því að lesa í kór eða í þörum. Í fjórða bekk taka nemendur þátt í Litlu upplestrarkeppninni og í sjöunda bekk taka þeir þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Gæta þarf þess að viðhalda þeirri þjálfun sem fæst með þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni og nota öll tækifæri til að fá nemendur á unglingsstigi til að lesa upp.

Framsagnarpróf eru lögð fyrir í lok 4. bekkjar og á hverju vori eftir það. Það gildir líka fyrir hæglæsa nemendur, enda fá börnin prófið heim til að æfa sig og undirbúa upplesturinn.

Lesskilningur

Frá því að lestrarkennsla hefst er lögð áhersla á lesskilning með því að ræða við nemendur um efnið sem þeir hafa lesið. Þegar fram í sækir verða leiðirnar fjölbreyttari og er ýmsum aðferðum beitt við kennslu og mat á lesskilningi, t.d. gagnvirkum lestri, gerð hugtakakorta, orðaforðavinnu, endursögnum, lestrarverkefnum, kjörbókariðgerðum o.s.frv. Einnig eru eftirtaldir kennsluáðferðir notaðar í vaxandi mæli:

- a) Að hugsa upphátt
- b) Nákvæm greining – víðara samhengi
- c) Kann – vil vita – hef lært
- d) Að spyrja höfundinn
- e) Endurtekinn lestur
- f) Félagastuðningur í lestri

Kennsluaðferðir sem efla lesskilning eru margvíslegar og misflóknar, allt frá því að henta byrjendum þegar einni aðferð er beitt í senn og upp í það að henta nemendum sem hafa öðlast undirstöðufærni í að beita mismunandi lesskilningsaðferðum samtímis.

Lestrarstuðningur

Kennarar, stuðningsfulltrúar og/eða skólaliðar fara inn í bekkí á öllum stigum til að aðstoða við lestrarþjálfun. Ef lestrarnámið gengur illa hjá einhverjum nemanda leitar kennari ráða hjá sérkennara sem bendir á leiðir og efni. Reynt er að koma aðstoðinni sem mest inn í bekkinn ef mögulegt er, þannig að heildarnám raskist sem minnst, en stundum eru börn tekin út úr bekknum til sérstakrar þjálfunar. Matið byggist m.a. á greiningu sérkennara ef hún er til en einnig er stuðst við upplýsingar frá kennurum og foreldrum. Leitað er eftir stuðningi og fræðslu hjá fagaðilum utan eða innan skólans ef með þarf til að tryggja sem best hag nemenda. Greiningar á lestrarvanda eru almennt ekki gerðar fyrr en eftir annan bekk. Fram að því meta umsjónarkennari og sérkennari í sameiningu þörf hvers nemanda fyrir stuðning.

Lestrarsprettir

Tvisvar til þrisvar á vetri er boðað til lestrarsprettis og getur hann verið með ýmsu móti, en þá er lögð sérstök áhersla á lestur umfram það sem annars er. Útfærslan getur verið alla vega, eftir hugmyndaflugi kennaranna.

Lestrarmenning í Grunnskólum Ísafjarðarbæjar

Lestrarmenning í skólunum hefur mikil áhrif á viðhorf barna til lesturs jafnframt því sem hún endurspeglar þau viðhorf sem ríkja í skólunum til læsis.

Við viljum að lestrarmenning skólanna einkennist af lestrargleði og virðingu fyrir bókum og lestri. Við eflum hana m.a. með því að:

- hafa lesefni sýnilegt og aðgengilegt sem víðast í skólunum
- gefa sem flest og fjölbreyttust tækifæri til lestrar og tengdra verkefna
- gera yndislestur að föstum lið á stundaskrá allra nemenda
- hafa nestislestur fastan lið hjá 1.-6. bekk
- taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni fyrir 7. bekk

- taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni fyrir 4. bekk
- nota bókaorma, bókatré eða aðrar sýnilegar skráningar á yndislestri í 1.-7. bekk
- efla samstarf og tengsl við Bæjarbókasafnið, t.d. með því að:
 - hvetja nemendur til þátttöku í Sumarlestri safnsins fyrir 1.-4. bekk
 - fara með alla árganga í skipulagðar heimsóknir á safnið
 - efna til ýmiss konar samstarfsverkefna, svo sem spurningakeppni úr barnabókmenntum fyrir 5.-7. bekk
 - virkja foreldra til þátttöku í lestrarþjálfun barna sinna, t.d. með því að fá þá í heimsókn í skólann til að segja frá bók, lesa fyrir nemendur eða taka þátt í öðrum verkefnum um bækur og lestur

Yndislestur

Nemendur eru hvattir til yndislestrar og þeir fá tíma til að sinna honum á hverjum degi í skólanum. Ýmislegt er gert til að hvetja til meiri lestrar, t.d. skráning í bókaorma eða bókatré eða á annan sýnilegan hátt, þátttaka í landsleiknum Allir lesa o.fl. Mikilvægt er að nemendur venjist því líka að sjá kennara og annað starfsfólk lesa sér til yndis og ánægju. Fullorðið fólk sem les bækur er sterk fyrirmynd.

Nestislestur

Í öllum bekkjardeildum 1.-6. bekkjar lesa kennarar reglulega fyrir nemendur sína u.þ.b. 15-20 mínútur daglega. Sumir lesa í nestistímum eða e.t.v. skriftartímum eða velja aðrar stundir sem best henta. Einnig er nauðsynlegt að lesa framhaldssögur fyrir nemendur á unglíngastigi eftir því sem hægt er að koma því við.

Við val á bókum hafa kennarar eftirfarandi í huga:

- að bókin henti aldurshópnum hvað varðar efni
- að lesa ýmist „stelpu“- eða „stráka“-bækur
- að lesa ýmist bækur eftir íslenska eða erlenda höfunda
- að lesa frekar bækur sem nemendur lesa ekki sjálfir
- að lesa ýmist nýjar eða gamlar bækur

Æskilegt er að koma upp lista bókatitla sem vel hefur gefist að lesa fyrir hvern árgang, án þess að sá listi bindi hendur kennara við val bóka. Slíkt hlýtur ávallt að vera í höndum viðkomandi kennara, hann les það sem hann telur best fyrir nemendur sína. Mikilvægast er að kennarar og aðrir geri sér grein fyrir því að þetta er þáttur í skólastarfinu sem þarf að skipuleggja og vanda eins og aðra kennslu.

Hlutverk skólabókasafns

Bókasöfn skólanna bjóða þjónustu við nám, bækur og heimildaöflun. Starfsfólk bókasafna stuðlar að notkun bóka og annars upplýsingaefnis, frá skáldritum til fræðibóka, frá prentuðum gögnum til stafræns efnis, bæði á eigin safni og á öðrum söfnum. Safnkostur skólasafna er mikilvæg viðbót við kennslubækur, kennsluefni og kennsluaðferðir.

Skólabókasöfnin eru miðstöðvar lestrarmenningar skólanna og hafa frumkvæði að og umsjón með verkefnum og áherslum sem miða að því að bæta viðhorf nemenda til lestrar og gera þá virkari í eigin lestrarnámi. Skólabókasafnið getur gegnt lykilhlutverki í því að koma á samstarfsverkefnum með Bæjarbókasafninu.

Bæjarbókasafnið

Farið er með nemendur í heimsóknir á Bæjarbókasafnið á Ísafirði eftir því sem færi gefast. Af sjálfu leiðir að nemendur í skólum á Ísafirði eiga auðveldara með slíkar heimsóknir en í öðrum skólum í sveitarfélaginu. Það er mikilvægt að kynna safnið vel fyrir nemendum og hvetja þá til að fá sér bókasafnsskírteini og nýta safnið, þar sem úrval bóka er ríkulegra en á skólabókasafninu og ýmislegt fleira í boði, svo sem hljóðbækur, kvikmyndir, spil, fyrirlestrar og sýningar af ýmsu tagi, auk sögustunda fyrir yngstu börnin.

Sumarlestur

Á Bæjarbókasafninu er efnt til lestrarsamkeppni undir yfirskriftinni Sumarlestur. Nemendur skrá þær bækur sem þeir hafa lesið yfir sumarið og í lok sumars eru veitt verðlaun þeim sem mest hefur lesið í sumarleyfinu. Kennarar kynna samkeppnina fyrir nemendum að vori og hvetja þá til þátttöku.

Í G.Í. er unnið að því að koma á fót spurningakeppni um barnabókmenntir fyrir nemendur á miðstigi, í samstarfi við skólabókasöfnin og Bæjarbókasafnið.

Ritun

Í ritun er hljóðum breytt í bókstafi. Ritunarkennsla á að haldast í hendur við lestrarnám.

Að tjá sig skriflega krefst mikillar þjálfunar og færni nemenda. Mikilvægt er að hlúa að ritun frá byrjun skólagöngunnar til enda, þar sem byggt er ofan á færni jafnt og þétt.

Mikilvæg atriði ritunar:

- Umskráningarfærni
- Skilningur á tungumálinu

- Uppbygging texta
- Blæbrigðarík beiting tungumálsins
- Rétt dregið til stafs
- Skrifað á tölvu (fingrasetning, ritvinnsluforrit)

Skrift

Nemendur þurfa að læra að draga rétt til stafs og temja sér læsilega og snyrtilega skrift. Tengiskrift er kennd frá 3. bekk.

Um skimanir og próf

Almennt um skimanir og próf

Skimanir eru lagðar fyrir árganga til að greina stöðu nemenda og til að reyna að finna frávik ef einhver eru. Niðurstöður skimana eru notaðar til að skipuleggja kennslu og veita skólum og foreldrum upplýsingar.

Skimanir í leikskólum

Í leikskólum Ísafjarðarbæjar er málþroskaprófið EFI-2 lagt fyrir 3-4 ára gamla nemendur og Hljóm-2 fyrir 5 ára börn haustið áður en þau fara í grunnskóla. Hljóm-2 prófið metur hljóðkerfis- og málvitund nemenda.

Lesfimiþróf

Væntanleg eru á þessu skólaári lesfimiþróf frá Menntamálastofnun og skulu þau lögð fyrir þrisvar á skólaárinu. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt.

Læsi – lesskimun

Læsi er skimun sem er lögð fyrir í febrúar og maí í tengslum við byrjendalæsi í 1. og 2. bekk. 2. bekkur tekur Lesmál að vori. Niðurstöður eru sendar til Háskólans á Akureyri sem fer yfir þær. Með niðurstöðunum fæst samanburður við aðra byrjendalæsissskóla.

Orðarún

Orðarún er staðlað próf í lesskilningi í 3.-8. bekk. Það er lagt fyrir tvisvar á vetri.

Önnur lesskilningspróf

Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk eru notaðar til að meta stöðu nemenda og gera áætlanir fyrir þá sem ná ekki viðmiðum.

Unnið er að gerð staðlaðra lesskilningsprófa hjá læsisteymi Menntamálastofnunar.

LOGOS-lesskimun

LOGOS-lesskimun er lögð fyrir 3., 6. og 8. bekk. Hún er lögð fyrir í janúar í 3. bekk,

Í október í 6. bekk og í apríl í 8. bekk. LOGOS-prófin finna nemendur sem virðast eiga í vanda með lestur. Farið er yfir niðurstöður með foreldrum og í kjölfarið gerð áætlun fyrir hvern þann sem nær ekki viðmiðum.

Skimanir vegna stafsetningar

LOGOS-skimunarpróf í stafsetningu er lagt fyrir allan 9. bekk. Þeir nemendur sem sýna frávik fara í fullt greiningarpróf vegna lesblindu.

STEFNUMÖRKUN FYRIR BÖRN Á LEIKSKÓLA

Undirbúningur fyrir lestur 1½-3 ára barna

MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR	NÁMSEFNI	MATSTÆKI	VIÐMIÐ	ÚRRÆÐI	HLUTVERK FORELDRA
<ul style="list-style-type: none">Að auka almennan málþroska og málskilning	<ul style="list-style-type: none">Lesið daglegaMikið talað við börninHreyfileikir og söngurSpil og púsluspil	<ul style="list-style-type: none">Markviss málörvunLubbi finnur málbeinSnemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barnaTölum saman, Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustirLærum og leikum með hljóðinSögubækurVísur, þulur og rímÝmsir leikirTrommur og töfrateppi	<ul style="list-style-type: none">1½-3 ára Orðaskil og smábarnalistinn	<ul style="list-style-type: none">Að barnið mælist samkv. meðalgildum á matslistanum	<ul style="list-style-type: none">Leggja meiri áherslu á það sem á vantar í hópastarfiEf grunur vaknar um frávík í málþroska er fengið álit talmeinafræðings, sem leggur fyrir staðlað prófEf talkennara finnst ástæða til frekari greiningar er nemandi vísað til sálfræðings til frekari skoðunar	<ul style="list-style-type: none">Að lesa fyrir börnin, vekja áhuga þeirra á texta og sögum og ræða um sögur og orðin sem þau eru að læra

STEFNUMÖRKUN FYRIR BÖRN Á LEIKSKÓLA

Undirbúningur fyrir lestur 3-4 ára barna

MARKMIÐ	KENNSLUÁÐFERÐIR	NÁMSEFNI	MATSTÆKI	VIÐMIÐ	ÚRRÆÐI	HLUTVERK FORELDRA
<ul style="list-style-type: none">• Að nemendur auki orðaforða sinn• Að hvetja barnið til að segja frá atburðum og hlusta með athygli• Að þjálf minni og hlustun• Að auka máltilfinningu, kenna barninu að nota gott íslenskt mál• Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund• Að lesnar séu stuttar sögur og framhaldssögur• Að unnið sé með þulur og ljóð	<ul style="list-style-type: none">• Lesið daglega. Mikið talað við börnin, opnar spurningar og samræður. Hreyfileikir og söngur. Spil og púsluspil• Leikur/val: Góður aðgangur að bókum. Ritmálið sýnilegt• Hópatímar: Fréttatímar þar sem hvert barn fær tækifæri og svigrúm til að tjá sig, segja frá sjálfu sér og því sem það hefur verið að gera. Hvetja börnin til að segja sögu. Lesa stuttar sögur og framhaldssögur. Skoða nánasta umhverfi, fara í vettvangsferðir• Í fataklefanum: Kennarar nota tækifærið og rifja upp hvaða líkamsparta er verið að klæða. Hendur í vettlinga, fótleggir í buxur, fætur í skó, handleggir í ermar, húfa á höfuð• Við matarborðið: Hvað erum við að borða? Erum við að borða súrt, sætt, beiskt, sterkt eða salt? Hvaðan úr náttúrunni kemur það sem við erum að borða? Fiskur úr sjónum, grænmeti úr jörðinni, ávextir af trjámum o.s.frv	<ul style="list-style-type: none">• Markviss málörvun• Lubbi finnur málbein• Snemmtæk íhlutun í málörvun• Tölum saman, Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir• Lærum og leikum með hljóðin• Sögubækur• Vísur, þulur og rím• Ýmsir leikir• Trommur og töfrateppi• Tónmál	<ul style="list-style-type: none">• EFI-2 málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári• TRAS skráir málþroska barnsins gegnum leikskólaárin• Íslenski þroskalistinn	<ul style="list-style-type: none">• Að barnið mælist á eða yfir meðalgildi á matslistanum EFI-2	<ul style="list-style-type: none">• Leggja meiri áherslu á það sem á vantar í hópstarfi• Ef grunur vaknar um frávik í málþroska er fengið álit talmeinafræðings, sem leggur fyrir staðlað próf• Ef talkennara finnst ástæða til frekari greiningar er nemandi vísað til sálfræðings til frekari skoðunar	<ul style="list-style-type: none">• Að lesa fyrir börnin, vekja áhuga þeirra á texta og sögum og ræða um sögur og orðin sem þau eru að læra

STEFNUMÖRKUN FYRIR BÖRN Á LEIKSKÓLA

Undirbúningur fyrir lestur 4-5 ára barna

MARKMIÐ	KENNSLUÁÐFERÐIR	NÁMSEFNI	MATSTÆKI	VIÐMIÐ	ÚRRÆÐI	HLUTVERK FORELDRA
<ul style="list-style-type: none">• Að nemendur auki orðaforða sinn og málskilning• Að nemendur leiki sér með hljóðkerfi tungumálsins og heyri fjölbreytt og vandað mál• Að nemendur tjái sig við aðra, taki þátt í samræðum og æfi sig í að færa rök fyrir máli sínu• Að nemendur fái að kynnast því að til eru mismunandi tungumál og þrói jákvætt viðhorf til tungumálsins• Að nemendur noti málið til að afla sér þekkingar• Að nemendur noti málið til að tjá sig um eigin skoðanir og hugmyndir	<ul style="list-style-type: none">• Leikur/val: Frjáls aðgangur að bókum. Að nemendur fái tækifæri til að eiga í samskiptum við jafnaldra og æfi hugtök og orð. Að nemendur hafi aðgang að texta og bókstöfum sem leikefni• Hópavinna: Að nemendur fari með þulur og rím. Að nemendur fái tækifæri til að setja hugsanir sínar í orð• Samvera/hvöld: Að nemendur hlusti á fjölbreyttar sögur, leikrit, vögguvísur og sönglög• Líkamleg umhirða: Rætt um gildi hreinlætis og líkamsumhirðu• Útivera/vettvangsferðir: Að nemendur taki þátt í umræðum og heyri fjölbreytt hugtök um umhverfi, klæðnað og veður• Matartími: Að nemendur upplifi notalegt spjall í matartímanum um mat og hollustu og mikilvægi matar	<ul style="list-style-type: none">• Markviss málörvun• Lubbi finnur málbein• Snemmtæk íhlutun í málörvun• Tölum saman, Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir• Umhverfið• Lærum og leikum með hljóðin• Sögubækur• Vísur, þulur og rím• Ýmsir leikir• Trommur og töfrateppi• Spjaldtölvur• Tónmál	<ul style="list-style-type: none">• TRAS skráir málþroska barnsins gegnum leikskólaárin• Hljóm-2 er skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarnám• Íslenski þroskalistinn	<ul style="list-style-type: none">• Að barn mælist á eða yfir meðalgildi á matslistanum EFI-2.	<ul style="list-style-type: none">• Leggja meiri áherslu á það sem á vantar í hópastarfi• Sérkennsla• Ef grunur vaknar um frávík í málþroska er fengið álit talmeinafræðings, sem leggur fyrir staðlað próf• Ef talkennara finnst ástæða til frekari greiningar er nemandi vísað til sálfræðings til frekari skoðunar	<ul style="list-style-type: none">• Að lesa fyrir börnin, vekja áhuga þeirra á texta og sögum og ræða um sögur og orðin sem þau eru að læra

STEFNUMÖRKUN FYRIR BÖRN Á LEIKSKÓLA

Undirbúningur fyrir lestur 5-6 ára barna

MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR	NÁMSEFNI	MATSTÆKI	VIÐMIÐ	ÚRRÆÐI	HLUTVERK FORELDRA
<ul style="list-style-type: none">• Að nemendur hafi náð grunnfærni í móðurmáli sínu• Að nemendur geti orðað hugsanir sínar og hlustað og séu byrjaðir að mynda sig við að skrifa talað orð• Að nemendur heyri fjölbreytt og vandað málfar. Tjái sig við aðra, taki þátt í samræðum og færi rök fyrir máli sínu• Að nemendur noti málið til að tjá sig um eigin hugsanir• Að nemendur sjái ritmál notað við margvíslegar aðstæður í leikskólanum. Fá tækifæri til að auka orðaforða sinn og leika sér með hljóðkerfi tungumálsins• Að nemendur noti málið til að afla sér þekkingar• Að nemendur fái að kynnast því að til eru mismunandi tungumál og þrói jákvætt viðhorf til tungumálsins	<ul style="list-style-type: none">• Leikur/val: Frjáls aðgangur að bókum, ritmál (nöfn barna) notað við að velja verkefni, aðgangur að texta og bókstöfum sem leikefni• Hópavinna: Samin leikrit, ljóð og sögur, lært að fylgja munnlegum fyrirmælum og fjölbreyttri verkefnavinnu sem æfir ritmál og heyrnræna úrvinnslu• Útivera, vettvangsnám og fataklefi: Rætt um nánasta umhverfi, árstíðir, veðurfar og allt sem tengist útiveru. Í fataklefa er rætt um klæðnað og hvernig skuli klæða sig við mismunandi aðstæður• Samverustund/hvíld: Hlustað á sögur og bækur án mynda, farið með þulur, rímað og unnið með hljóð og mismunandi orð rædd og útskýrð. Framhaldssögur lesnar og söngvar sungnir• Matartími: Rætt um matargerð og hollustu matar og notalegt spjall um hugðarefni nemenda á meðan borðað er• Líkamleg umhirða: Rætt um gildi hreinlætis og líkamsumhirðu	<ul style="list-style-type: none">• Markviss málörvu• Lubbi finnur málbein• Snemmtæk íhlutun í málörvun• Tölum saman, Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir• Umhverfið• Lærum og leikum með hljóðin• Orðagull• Hljóðalestin• Sögubækur• Vísur, þulur og rím• Ýmsir leikir• Trommur og töfrateppi• Tónmál• Spjaldtölvur• Skólavefurinn	<ul style="list-style-type: none">• Hljóm-2• Tove Krogh• Íslenski þroskalistinn	<ul style="list-style-type: none">• Að barn mælist á eða yfir meðalgildi á matslistanum Hljóm-2	<ul style="list-style-type: none">• Leggja meiri áherslu á það sem á vantar í hópastarfi• Sérkennsla• Ef barn mælist undir meðalgildi á matslista (Hljóm-2), þá fer það barn í frekari greiningu hjá talmeinafræðingi og tíma hjá sérkennara• Ef barn kemur mjög slakt út í mati hjá talkennara er það sent í sérstakt úrræði hjá talkennara og áframhaldandi athugun hjá sálfræðingi, sem metur hvað veldur slökum málþroska og finnur viðeigandi úrræði	<ul style="list-style-type: none">• Að lesa fyrir börnin, vekja áhuga þeirra á texta og sögum og ræða um sögur og orðin sem þau eru að læra

STEFNUMÖRKUN FYRIR 1. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG AÐFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLESTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les aldurssvarandi texta • Les upphátt með áherslum og stoppar við punkt við upplestur • Getur flutt ljóð og texta fyrir framan hóp • Eykur leshraða og liðleika • Þekkir hvað er ljóð, saga, ævintýri og þjóðsaga 	<p>Byrjendalæsi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þátttökulestur / endurtekinn lestur • Kórlestur • Paralestur • Skiptilestur • Leitarlestur • Orðaskuggar • Heimalestur • Yndislestur 	<ul style="list-style-type: none"> • Læsi, 1 hefti • Læsi, 1-2 hefti • Læsi, 1-3 hefti • Tvö lesfímipróf á vorönn 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 20 orð (30 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 55 orð (80 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 75 orð (110 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velur sér lesefni og bækur við hæfi, getu og áhuga • Les sér til ánægju 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður um efni texta • Upplestur kennara úr góðum bókum og textum • Yndislestrarstundir þar sem nemendur lesa og skoða bækur að eigin vali 		
AÐFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið í hljóði (stuttan tíma (10-15 mínútur)) • Þekkir bókstafi og hljóð þeirra • Áttar sig á hljóðgreiningu, fremst, í miðju og aftast í orði • Getur lesið algengar orðmyndir • Þekkir endingar og beygingar orða • Byrjar að leiðrétta sig við villur í lestri • Nær samhengi í texta þó að hann þekki ekki öll orðin • Getur lesið og farið að skriflegum fyrirmælum • Spáir fyrir um framhald sögu • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda 	<p>Samtengjandi og sundurgreinandi aðferðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hljóðaaðferð • Lykilorðavinna • Stafavinna • Spilaskífa • Slönguspil • Samvinnuspjöld • Klapp og kubbar • Minnisspil • Orðabingó • Stafasúpa • Hugtakakort • Orðarugl • Orðaskuggar • Gefa – taka • Veiðimaður • Eyðufylling • Leifturspjöld • Lita yfir staf • Orðmyndir • Markviss málörvun • Hlustun • Rím • Vinna með stöðu hljóða í orðum • Orð og setningar 	<ul style="list-style-type: none"> • Læsispróf • Leið til læsis • Lesfímipróf 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 20 orð (30 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 55 orð (80 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 75 orð (110 atkv.) á mínútu að vori
SKILNINGUR OG VINNUBRÖGÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áttar sig á eigin lestrarvenjum • Getur sagt frá upphafi, miðju og endi sögu og helstu persónum • Þekkir bókmenntahugtökin sögupersóna, söguþráður og boðskapur • Getur endurtekið stuttar sögur • Getur notið þess að hlusta á upplestur 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður um bækur/sögur • Yndislestur • Tækifæri til að segja frá því sem lesið er • Hugtakakort • Söguvegur • Myndtúlkun á sögum • Að búa til leikrit • Teikningar og orð • Spinna við sögu • Dótasögur • Sögu greining • Að búa til bækur 		
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • Snemmtæk íhlutun • Endurinnlögn stafa og hljóða • Skímanir og stuðningur 			

STEFNUMÖRKUN FYRIR 2. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUÆFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG ÆFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLESTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Les aldurssvarandi texta Les upphátt með áherslum og tekur mið af greinarmerkjum við upplestur (?) Getur flutt ljóð og texta fyrir framan hóp Eykur leshraða og liðleika Þekkir mismunandi grunnflokka bókmennta, t.d. skáldsögur, myndasögur, þjóðsögur, ævintýri, ljóð o.s.frv. 	<p>Byrjendalæsi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Þátttökulestur / endurtekinn lestur Kórlestur Paralestur Skiptilestur Leitarlestur Hugtakakort Orðaskuggar Heimalestur Yndislestur 	<ul style="list-style-type: none"> Stafakannanir Lesfimiþróf sex sinnum yfir veturinn Læsi 2, 1. hefti Læsi 2, 2. hefti Lesmál 	<ul style="list-style-type: none"> Lesfimiþróf þrisvar á ári 90% nemenda lesi 40 orð (60 atkv.) á mínútu að vori 50% nemenda lesi 85 orð (130 atkv.) á mínútu að vori 25% nemenda lesi 100 orð (160 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Velur, les og klárar margvísleg lesefni við hæfi Les sér til ánægju Getur sagt hvernig honum fannst bókina 	<ul style="list-style-type: none"> Les bækur heima og í skóla 		
ÆFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Les í hljóði í sífellt lengri lotum (15-30 mínútur) Les alla stafi og samstöfur á einföldum/ tvöföldum samhljóðum, samhljóðasambönd, sundurgreinir lík hljóð (f/v, g/k, d/t, p/b) Hljóðar sig gegnum orð sem hann þekkir ekki Eykur orðaforða út frá merkingu orða í texta Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða Fylgir einföldum fyrirmælum Þekkir kaflaheiti og efnisyfirlit Þekkir stafrófið Þekkir bókatitla og einstaka höfunda Getur valið sér bækur við hæfi 	<p>Samtengjandi og sundurgreinandi æferðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hljóðaaðferð Lykilorðavinna Minnisspil Orðabíngó Stafasúpa Hugtakakort Endurinnlögn stafa fyrir einstaka nemendur Orðaleit Orðarugl Orðaskuggar Gefa – taka Veiðimaður Orðmyndir Gagnvirkur lestur 	<ul style="list-style-type: none"> Stafa- og hljóðkannanir 	
SKILNINGUR OG VINNUBRÖÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Les úr einföldum myndritum Dregur saman og endursegir viðburði í sögu í réttri röð Ber saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu Spyr spurninga úr efni bóka Tengir eigin reynsluheim við lesefni Þekkir bókmenntahugtök sögupersóna, söguþráður og boðskapur 	<ul style="list-style-type: none"> Þekkir súlurit Þekkir hugtök sögupersóna, söguþráður og boðskapur 	<ul style="list-style-type: none"> Hugtakakort Teikningar og orð Spinna við sögu Dótasögur Sögugreining Framsögn 	
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> Einstaklingsáætlun í lestri Lesfimi- / leshraðaátak Aukin samvinna við heimili varðandi lestur 			

STEFNUMÖRKUN FYRIR 3. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG AÐFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLÆSTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les aldursvarandi texta • Les upphátt með áherslum og tekur mið af greinarmerkjum við upplæstur • Getur flutt ljóð og texta fyrir framan hóp • Eykur leshraða og liðleika • Þekkir mismunandi grunnflokka bókmennta, t.d. skáldsögur, myndasögur, þjóðsögur, ævintýri, ljóð osfrv 	<p>Byrjendalæsi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þátttökulestur / endurtekinn lestur • Kórlestur • Paralestur • Skiptilestur • Leitarlestur • Hugtakakort • Orðaskuggar • Heimalestur • Yndislestur • Æfa framsögn og upplæstur 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimiþróf þrisvar sinnum yfir veturinn 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 55 orð (90 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 100 orð (170 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 120 orð (200 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velur, les og klárar margvísleg lesefni við hæfi • Les sér til ánægju • Getur sagt hvernig honum fannst bókina 	<ul style="list-style-type: none"> • Velja bækur og lesefni til yndislestrar 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður um bækur og lestrarefni 	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja af lestri
AÐFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les í hljóði í sífellt lengri lotum (15-30 mínútur) • Hljóðar sig í gegnum orð sem hann þekkir ekki • Eykur orðaforða út frá merkingu orða í texta • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða • Fylgir fyrirmælum • Þekkir kaflaheiti og efnisyfirlit • Kann stafrófið og nýtir sér það • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda • Getur valið sér bækur við hæfi 	<ul style="list-style-type: none"> • Lykilorðavinna • Hugtakakort, textavinna • Orðavinna • Gagnvirkur lestur (lesa og búa til spurningar) • Minnisspil • Orðabingó • Stafasúpa • Orðaleit • Orðarugl • Orðaskuggar • Gefa – taka • Veiðimaður • Heimildavinna 	<ul style="list-style-type: none"> • Frammistöðumat úr tímum og mat á verkefnavinnu og skriflegum verkefnum <p>Metið er:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hugmyndaauðgi • Samvinnuleikni • Þrautseigja • Vandvirkni • Sjálfstæði • Frumkvæði • Röggsemi • Sjálfsmat 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðmið eru einstaklingsmiðuð
SKILNINGUR OG VINNUBRÖGÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fylgir rituðum fyrirmælum • Þekkir kaflaheiti og efnisyfirlit 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið úr myndritum • Getur aflað sér upplýsinga úr bókum 	<ul style="list-style-type: none"> • Próf úr þessum þáttum eða mat á verkefnum • Orðarún 	
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • Einstaklingsáætlun í lestri • Lesfimi- / leshraðaátak • Aukin samvinna við heimili varðandi lestur • Sérkennsla 	<ul style="list-style-type: none"> • Meiri einstaklingshjálp • Færri og einfaldari verkefni 		

STEFNUMÖRKUN FYRIR 4. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG AÐFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLESTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les aldurssvarandi texta og bækur • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta • Les upphátt með mismunandi blæbrigðum og tekur mið af greinarmerkjum (.,?!:;) við upplestur • Eykur leshraða og liðleika • Þekkir mismunandi grunnflokka bókmennta, t.d. skáldsögur, myndasögur, þjóðsögur, ævintýri, ljóð osfrv 	<p>Orð af orði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hugtakakort • Framsögn • Heimalestur • Litla upplestrarkeppnin 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimiþróf þrisvar sinnum yfir veturinn • Framsagnarþróf 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 80 orð (130 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 120 orð (200 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 145 orð (240 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velur sér lesefni og bækur við hæfi, getu og áhuga • Sýnir sjálfstæði í vali bóka • Les sér til ánægju 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður um efni texta • Yndislestur 		
AÐFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Notar yfirlitslestur með notkun innihaldslýsinga, fyrirsagna, glósa og stikkorða • Eykur orðaforða með því að nota orðabækur og heimildir • Fylgir rituðum fyrirmælum í mörgum þrepum sjálfstætt • Er fær um að tjá sig um texta • Er fær um að meta texta • Kann stafrófið og nýtir sér það 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesið til skilnings • Gagnvirkur lestur • Hugtakakort • Nýyrðasmíði • Orðavinna 		
SKILNINGUR OG VINNUBRÖGÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn • Gerir greinarmun á staðreyndum og skáldskap í rituðum texta • Notar dæmi til að styðja við hugmyndir og mat (álit) • Les upplýsingar úr gröfum, listum, töflum og kortum • Les fyrirmæli, uppskriftir og orðadæmi 	<ul style="list-style-type: none"> • Hugtakakort 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún • Samræmd þróf 	
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • Lestrarátök • Lestrarþjálfun í samstarfi við heimilin • Einstaklingsáætlun í lestri • Samstarf við sérkennara 			

STEFNUMÖRKUN FYRIR 5. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG AÐFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLESTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les bækur sem hæfa lestrargetu • Les fjölbreyttan texta áheyrilega og á viðeigandi hraða • Þjálfar framsögn • Les upphátt sögur og ljóð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leið til læsis • Orð af orði • Gagnvirkur lestur • Heimalestur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimiþróf • Hljóðlestrarþróf • Framsagnarþróf. 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 90 orð (150 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 140 orð (230 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 160 orð (270 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velur, les og lýkur við fjölbreytilegar bókmenntir á eigin forsendum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur heima og í skóla • Foreldrar hvattir til þess að ræða heima um bókmenntir og fylgjast með lestrarnáminu. 		<ul style="list-style-type: none"> • Les á hvorri önn a.m.k. 400 bls. í bókum sem hæfa getu nemandans
AÐFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les heima og í skóla a.m.k. 30-40 mínútur á dag • Notar og les ýmsa miðla til þess að auka orðaforða og afla sér upplýsinga • Þjálfast markvisst í að afla sér lesefni við hæfi • Þjálfar hljóðlestur, nákvæmnislestur og gagnvirkan lestur • Nýtir sér hljóðbækur eftir þörfum 	<ul style="list-style-type: none"> • Gagnvirkur lestur • Orðavinna • Orðhlutavinna • Nýyrðasmíð • Hugtakakort • Spurningakeppni úr sögubókum 		<ul style="list-style-type: none"> • Stutt kjörbókarritgerð
SKILNINGUR OG VINNUBRÖGÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þjálfar orðaforða munnlega og skriflega í tengslum við bókmenntir • Öðlast dýpri skilning á texta • Leggur mat á texta og mælir með bókum við aðra • Ræðir efni og boðskap bóka og greinir frá aðalatriðum úr texta 	<ul style="list-style-type: none"> • Hugtakakort 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún 	
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • Lestrarlotur • Lestrarþjálfun í samstarfi við heimilin • Einstaklingsáætlun í lestri • Samstarf við sérkennara 			

STEFNUMÖRKUN FYRIR 6. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUÆFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG ÆFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLÆSTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les bækur sem hæfa lestrargetu • Les fjölbreyttan texta áheyrilega og á viðeigandi hraða • Byr sér til áætlun við val á lesefni • Þjálfar framsögn • Les upphátt sögur og ljóð 	<ul style="list-style-type: none"> • Leið til læsis • Orð af orði • Gagnvirkur lestur • Leiklestur • Tjáning • Leshópar • Kjörbókarritgerð • Heimalestur 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimiþróf • Hljóðlestrarþróf • Framsagnarþróf 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 105 orð (175 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 155 orð (260 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 175 orð (290 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velur, les og lýkur við fjölbreytilegar bókmenntir á eigin forsendum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur heima og í skóla • Foreldrar hvattir til þess að ræða heima um bókmenntir og fylgjast með lestrarnáminu. 		<ul style="list-style-type: none"> • Les á hvorri önn a.m.k. 500 bls. í bókum sem hæfa getu nemandans
ÆFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les heima og í skóla a.m.k. 30-40 mínútur á dag • Notar og les ýmsa miðla til þess að auka orðaforða og afla sér upplýsinga • Þjálfast markvisst í að afla sér lesefnis við hæfi • Þjálfar hljóðlestur, nákvæmnislestur og gagnvirkan lestur • Nýtir sér hljóðbækur eftir þörfum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Gagnvirkur lestur • Orðavinna • Orðhlutavinna • Nýyrðasmíð • Hugtakakort • Spurningakeppni úr sögubókum. 		<ul style="list-style-type: none"> • Stutt kjörbókarritgerð
SKILNINGUR OG VINNUBRÖGÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þjálfar orðaforða munnlega og skriflega í tengslum við bókmenntir • Öðlast dýpri skilning á texta og þjálfast í að lesa milli línanna • Leggur mat á texta og mælir með bókum við aðra • Ræðir efni og boðskap bóka og greinir frá aðalatriðum úr texta • Kynnist bókmenntahugtökum og byrjar á að kryfja bókmenntatexta • Lærir að lesa upplýsingar úr ýmsum myndritum 	<ul style="list-style-type: none"> • Leshópar • Hugtakakort – úrvinnsla • Samþætting við aðrar námsgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún • Skimunarþróf LOGOS að hausti 	<ul style="list-style-type: none"> • LOGOS <30%
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • Lestrarlotur • Lestrarþjálfun í samstarfi við heimilin • Einstaklingsáætlun í lestri • Samstarf við sérkennarra 			

STEFNUMÖRKUN FYRIR 7. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG AÐFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLESTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les bækur sem hæfa lestrargetu • Les fjölbreyttan texta áheyrilega og á viðeigandi hraða • Byr sér til áætlun við val á lesefni • Þjálfar framsögn markvisst • Les upphátt sögur og ljóð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leið til læsis • Orð af orði • Gagnvirkur lestur • Leiklestur • Tjáning • Leshópar • Ritgerðavinna • Kjörbókarritgerð • Heimalestur 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimiþróf • Hljóðlestrarþróf • Framsagnarþróf • Stóra upplestrarkeppnin 	<ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda lesi 120 orð (200 atkv.) á mínútu að vori • 50% nemenda lesi 165 orð (280 atkv.) á mínútu að vori • 25% nemenda lesi 190 orð (320 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velur, les og lýkur við fjölbreytilegar bókmenntir á eigin forsendum • Nýtur þess að hlusta á upplestur og frásagnir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur heima og í skóla • Foreldrar hvattir til þess að ræða um bókmenntir heima og fylgjast með lestrarnáminu 		<ul style="list-style-type: none"> • Lesi a.m.k. 1200 bls. yfir veturinn í bókum sem hæfa getu nemandans
AÐFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les heima og í skóla a.m.k. 30-40 mínútur á dag • Notar og les ýmsa miðla til þess að auka orðaforða og afla sér upplýsinga • Þjálfast markvisst í að afla sér lesefnis við hæfi • Nýtir sér orðabækur til að auka orðaforða sinn (einnig gagnvirkar) • Þjálfar hljóðlestur, nákvæmnislestur og gagnvirkan lestur • Nýtir sér hljóðbækur eftir þörfum 	<ul style="list-style-type: none"> • Gagnvirkur lestur • Orðavinna • Orðhlutavinna • Nýyrðasmíð • Hugtakakort • Spurningakeppni úr sögubókum 		<ul style="list-style-type: none"> • Kjörbókarritgerð
SKILNINGUR OG VINNUBRÖÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þjálfar orðaforða munnlega og skriflega í tengslum við bókmenntir • Öðlast dýpri skilning á texta og þjálfast í að lesa milli línanna • Leggur mat á texta og mælir með bókum við aðra • Kynnist bókmenntahugtökum og byrjar á að kryfja bókmenntatexta með tilliti til stíls, fléttu, aðalpersónu og boðskapar • Lærir að lesa upplýsingar úr ýmsum myndritum 	<ul style="list-style-type: none"> • Leshópar • Hugtakakort – úrvinnsla • Ritgerðavinna • Samþætting við aðrar námsgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún • Samræmt próf í íslensku 	
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • Lestrarlotur • Lestrarþjálfun í samstarfi við heimilin • Einstaklingsáætlun í lestri • Samstarf við sérkennara 			

STEFNUMÖRKUN FYRIR 8.-10. BEKK

	MARKMIÐ	KENNSLUAÐFERÐIR OG SKIPULAG	MATSTÆKI OG AÐFERÐIR VIÐ MAT	VIÐMIÐ UM ÁRANGUR
TEXTI OG UPPLESTUR	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Viðhaldi lestrarfærni sinni Þjálfist í mismunandi lestrarlagi Kunni flestar stafsetningarreglur Geti byggt upp texta með ólíku sniði eftir viðfangsefnum Geti kynnt verkefni og flutt mál sitt á áheyrilegan hátt Geti sett sér markmið og áætlun um val á lesefni. 	<ul style="list-style-type: none"> Yndislestur í skólanum Upplstur – framsögn og tjáning Leiklestur Gagnvirkur lestur Hlustað á upplstur Innlagnir, leiðsögn Skáldakynningar Ritunarvinna Kvikmyndir Heimildavinna Leiðbeinandi og uppbyggileg gagnrýni á markmiðssetningu og áætlun. 	<ul style="list-style-type: none"> Lesfimiþróf fyrir alla að hausti og vori. Hljóðlestrarþróf Lesskilningsþróf fyrir alla tvisvar á vetri. 	<ul style="list-style-type: none"> 90% nemenda lesi 130-145 orð á mínútu (215-240 atkvæði). 90% nemenda lesi 20 orð (30 atkv.) á mínútu að vori 50% nemenda lesi 180 orð (300 atkv.) á mínútu að vori 25% nemenda lesi 210 orð (350 atkv.) á mínútu að vori
VIÐHORF	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Lesi krefjandi lesefni sér til ánægju Lesi krefjandi efni sér til upplýsingar og til að leita svara Láti ekki deigan síga við lestur þungs texta Átti sig á mikilvægi þess að lesa sér til gagns og ánægju. 	<ul style="list-style-type: none"> Yndislestur heima Rithöfundakynningar Umræða um bókmenntir Foreldrar hvattir til þess að fylgjast með og kvitta fyrir heimalestur nemenda og ræða um lesefnið Heimsóknir á Bæjarbókasafn Fyrirlestrar, kynningar. 		
AÐFERÐIR OG FÆRNI	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Safni, greini og nýti sér upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum Nái tókum á hraðlestri, leitarlestri og nákvæmnislestri Kunni að beita gagnvirkum lestri og notfæri sér hann Beiti mismunandi lestraraðferðum 	<ul style="list-style-type: none"> Samþætting við aðrar greinar Nemandinn yfirfæri aðferðir, eins og gagnvirkur lestur, á aðrar námsgreinar Hraðlestrarnámskeið í 8. bekk 		<ul style="list-style-type: none"> Lesi a.m.k. 1200-1500 bls. yfir veturinn í bókum sem hæfa getu nemandans Kjörbókarritgerðir
SKILNINGUR OG VINNUBRÖGÐ	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> Átti sig á mismunandi markmiðum höfundar, t.d. fræðslu, skemmtun eða áróðri Skilji helstu bókmenntahugtök Þekki og geti notað algeng hugtök í bragfræði Segi skoðun sína og rökstyðji í samræðum Auki skilning á bókmenntatexta með því að tengja hann við aðra texta og eigin reynslu Leggi mat á trúverðugleika texta, net- og fjölmiðlaefnis, og taki gagnrýna afstöðu til þess Greini aðalatriði úr texta Geti samið spurningar fyrir og eftir lestur texta 	<ul style="list-style-type: none"> Ritunarvinna Nemendakynningar Leiðbeinandi og greinandi leiðsögn kennara Ritgerðasmíð og heimildavinna Hafa markmið og leiðir sýnileg fyrir nemendur, t.d. á veggjum 	<ul style="list-style-type: none"> LOGOS í lok 8. bekkjar GRP 14 lagt fyrir í 9. bekk. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur í 8. bekk geti skrifað 200 orða ritgerð, Nemendur í 9. bekk 250 orð, Nemendur í 10. bekk 300 orð, sem uppfylli helstu viðmið um góða ritun
ÚRRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> Lestrarlotur Lestrarþjálfun í samstarfi við heimilin Einstaklingsáætlun í lestri Samstarf við sérkennara 			